# Þriðjudagur 5. september



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Freddi og félagar (27)** (Fredy) Þýsk teiknimynd. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
18.15 **Múmíndalurinn (4)** (Mumindalen) Finnskur teiknimyndaflokkur gerður eftir sögu Tove Jansson. Þýðandi Kristín Mäntylä. Sögumaður Helga Jónsdóttir. (Nordvision – Finnska sjónvarpið).
18.30 **Kalli kanína.** (Kalle kanins äventyr) Finnskur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson. Sögumaður Elfa Björk Ellertsdóttir. (Nordvision – Finnska sjónvarpið).
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur.** Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Leðurblökumaðurinn.** (Batman) Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Nýjasta tækni og vísindi.** Umsjón Sigurður Richter.
21.00 **Eyðing.** (Wipe Out) – **Þriðji þáttur** – Breskur spennumyndaflokkur í fimm þáttum. Leikstjóri Michael Rolfe. Aðalhlutverk Ian McElhinney og Catherine Neilson. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
22.00 **Stefnan til styrjaldar.** (The Road to War) **Þýskaland.** Nýr breskur heimildamyndaflokkur í átta þáttum um heimsstyrjöldina síðari og aðdraganda hennar. Þýðandi og þulur Gylfi Pálsson.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Bylmingur.**
18.00 **Elsku Hobo,** The Littlest Hobo. Framhaldsmynd fyrir unga sem aldna um stóra, fallega hundinn Hobo og ævintýri hans.
18.25 **Íslandsmótið í knattspyrnu.** Umsjón: Heimir Karlsson.
19.19 **19:19.** Stöð 2 1989.
20.00 **Opin lína.** Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri situr fyrir svörum um dagskrá Stöðvar 2.
20.30 **Visa-sport.** Skemmtilega léttur og blandaður íþróttaþáttur með svipmyndum víðs vegar að.
21.30 **Óvænt endalok,** Tales of the Unexpected. Rangfærsla. Hvað er til ráða þegar virtur maður hefur nýlega skilið við og fram á sjónarsviðið koma aðilar sem segja hann skulda sér gífurlegar fjárupphæðir? Aðalhlutverk: Hugh Fraser, Everlyn Laye, David Webb og Richard Pearson.
22.00 **Taflið,** Die Grunstein-Variante. Myndin gerist á árum síðari heimsstyrjaldarinnar og fjallar um þrjá fanga, alla af ólíkum toga og uppruna. Til þess að drepa tímann gera þeir taflmenn úr brauði og fara að tefla. Einn þeirra þremenninga býr yfir mjög miklum skákhæfileikum.
23.40 **Andvökunætur,** Nightwatch. Kona nokkur sér fórnarlamb morðingja í næsta húsi. Hún kallar á lögregluna en er hún kemur á staðinn er líkið horfið. Lögreglan efast um andlegt heilbrigði konunnar og grunurinn styrkist þegar sagan endurtekur sig. Aðalhlutverk: Elizabeth Taylor, Laurence Harvey og Billie Whitelaw.
1.25. **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (6). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Matur er mannsins megin. Umsjón: Sverrir Guðjónsson.
13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (10).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Bjartmar Guðlaugsson sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.) (Áður á dagskrá 8. ágúst sl.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Með múrskeið að vopni.** Fylgst með fornleifauppgrefti á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum. Fyrri þáttur. Umsjón: Steinunn Harðardóttir. (Endurtekinn annar þáttur frá sunnudegi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Hvenær eru frímínútur? Fjallað um skólamál. Umsjón: Sigurlaug Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (6). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Ljóðasöngur.**
21.00 **Heimsreisufarar.** Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir. (Endurtekinn úr þáttaröðinni Í dagsins önn frá 21. f.m.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (9).
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Ráðgátan Van Dyke eftir Francis Durbridge. Framhaldsleikrit í átta þáttum, lokaþáttur: Herra Van Dyke kynntur. Þýðandi: Elías Mar. Leikstjóri: Jónas Jónasson. Leikendur: Ævar Kvaran, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Flosi Ólafsson, Gestur Pálsson, Róbert Arnfinnsson, Haraldur Björnsson, Lárus Pálsson og Jón Aðils. (Áður útvarpað 1963.)
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslensk samtímatónverk, að þessu sinni verk eftir Fjölni Stefánsson, Sigurð E. Garðarsson og Hafliða Hallgrímsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



**ÞURRKUBLÖÐIN VERÐA AÐ VERA ÓSKEMMD**
og þau þarf að hreinsa reglulega. Slitin þurrkublöð margfalda áhættu í umferðinni.
UMFERÐAR RÁÐ

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Óskar Páll Sveinsson. Neytendahorn kl. 10.05 og afmæliskveðjur kl. 10.30 Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Margréti Blöndal.
14.05 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Auður Haralds talar frá Róm. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Oddný Ævarsdóttir.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt . . .** Ólafur Þórðarson. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Ljúflingslög.** Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt . . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Ólafs Þórðarsonar á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** Morgunþáttur athafnafólks sem vill hafa fréttirnar á hreinu áður en það fer í vinnuna.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Gömlu lögin, sem þú varst búin að gleyma, heyrirðu hjá Valdísi.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Hér er allt á sínum stað, óskalögin og afmæliskveðjur allan daginn.
17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson – Reykjavík síðdegis.** Í þessum þætti nær þjóðmálaumræðan hámarki með hjálp hlustenda. Síminn í **Reykjavík síðdegis er 61-11-11.**
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg og ókynnt tónlist í klukkustund.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Strákurinn er kominn í stuttbuxur og er í stöðugu sambandi við **íþróttadeildina** þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** morgunhress í meira lagi, góð tónlist sem kemur öllum í gott skap. **Þú finnur fréttirnar kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 11.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Léttleiki og ný tónlist, leikir, hádegisverðarpottur **Stjörnunnar og Hard Rock,** Bibba á sínum stað og margt fleira. Um að gera að fylgjast með. **Stjörnuskot kl. 9, 11 og 13. Fréttir kl. 12 og 14.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lögin við vinnuna. Stjörnuskáldið valið kl. 16.30. Eftir sex-fréttir geta hlustendur talað út um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er **68-19-00. Fréttir kl. 16 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga fólksins með ný lög úr öllum áttum. Óskalög er hægt að hringja inn í gegnum **681900.**
20.00 **Gunnlaugur Helgason.** Bandaríski, breski og evrópski vinsældalistarnir kynntir.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **Ókynnt tónlist.**
16.00 **MH.**
18.00 **FB.**
20.00 **IR.**
22.00 **MS.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFFEMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
13.30 **Kvennaútvarpið.** E.
14.30 **Í hreinskilni sagt.** E.
16.00 **Búseti.** E.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Mormónar.**
18.00 **Tilraun.** Sara, Kata og Sara leika af fingrum fram á grammófón.
19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
20.00 **Það erum við!** Kalli og Kalli.
21.00 **Heitt kakó.** Árni Kristinsson.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.** (Hvað með það?) Árni Jónsson og Björn Steinberg Kristinsson.

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Sápuópera.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Veröld Frank Boughs.** Fræðslumyndaflokkur.
19.00 **Friendships, Secrets and Lies.** Kvikmynd.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Gentlemen Prefers Blondes.**
14.35 **The Mystery of the Million Dollar Hockey Puck.**
16.00 **The Life and Death of Colonel Blimp.**
19.00 **Touch and Go.**
21.00 **Johnny Dangerously.**
22.40 **Link.**
00.15 **The Other Side of Midnight.**
03.00 **Touch and Go.**

## EUROSPORT

9.00 **Blak.** Evrópukeppni kvenna í Hamborg.
10.00 **Kappakstur.** Keppni í Þýskalandi.
11.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
12.00 **Hnefaleikar.**
13.00 **Snóker** Opna Asíumótið.
14.00 **Knattspyrna.**
15.00 **Snóker** Opna Asíumótið.
16.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku,
17.00 **Blak.** Evrópukeppni kvenna í blaki.
18.00 **Kappakstur.** Frá keppni í Þýskalandi.
19.00 **Frjálsar íþróttir.** Lokastigamótið í Monte Carlo.
20.00 **Golf.** The Swiss Open.
21.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **Tracking.** Tónlist og viðtöl.
17.30 **The Lloyd Bridges Show.**
18.00 **High Chaparral.** Vestrasería.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Discovery Zone.** Fræðslumynd.
21.00 **Körfubolti.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Stöð 2 kl. 22.00:

# Taflið

Árið 1939 eru þrír menn af ólíkum uppruna samankomnir í fangelsiskjallara í Þýskalandi og bíða þess að fá vegabréf sín aftur í hendur. Þeir eru þýski sjómaðurinn Lodek en hann er mikill skákáhugamaður, Grikki frá Korfu og gyðingurinn Grünstein en hann er einnig áhugamaður um skák.

Á meðan mennirnir þrír eru að bíða drepa þeir tímann við að tefla. Í fangelsinu búa þeir til skákmenn úr brauði. Einn yfirmaður fangelsisins er einnig áhugamaður um skák og hefur safnað taflmönnum sem fangar í fangelsinu hafa búið til. En hann hefur aldrei fyrr séð skákmenn úr brauði.

Lodek kemur fyrir rétt og er leystur úr haldi en hann getur ekki gleymt tímanum sem hann eyddi í fangelsinu. Eini hluturinn, sem hann hefur gleymt, er sérstakur leikur hjá Grünstein sem hann kallaði Grünstein-afbrigðið vegna þess hversu heillaður hann var af honum.



Orsakir og afleiðingar seinni heimsstyrjaldarinnar verða umfjöllunarefni nýrrar þáttaraðar í Sjónvarpinu.

### Sjónvarp kl. 22.00:

# Stefnan til styrjaldar

### – nýr framhaldsmyndaflokkur

Hinn fyrsta september 1939 réðust herflokkar Hitlers inn í Pólland og seinni heimsstyrjöldin hófst þar með.

Næsta fimm og hálfa árið létust milljónir manna af völdum styrjaldarinnar, borgir voru jafnaðar við jörðu og heimilislausir flóttamenn áttu hvergi höfði sínu að halla.

Hvað gerðist og hvers vegna? Í þessari þáttaröð verður reynt að varpa ljósi á hvað olli seinni heimsstyrjöldinni. Stjórnmálaástandið í Evrópu síðustu tvo áratugina áður en heimsstyrjöldin braust út verður krufið og settar verða fram nýjar sögulegar tilgátur um hvers vegna stríðið braust út.

Forvitnilegir þættir fyrir alla áhugamenn um sögu.

### Rás 1 kl. 21.00:

# Heimsreisufarar

### – ævintýraferð tveggja stúlkna

Í þættinum Heimsreisufarar verður rætt við tvær ungar stúlkur, Önnu B. Hendriksdóttur og Björgu Guðmundsdóttur, sem fóru í mikla ævintýraferð síðast liðinn vetur til Ástralíu, Kína, Singapore, Balí og Thailands.

Þær segja frá lífi og siðum fólksins sem þær kynntust á ferð sinni, en þær bjuggu meðal annars hjá kínverskri fjölskyldu og dvöldu á hóteli á Thailandi þar sem heimilisdýrirn voru lófastórar köngulær, maurar og eðlur. Þá þurftu þær ganga í regnkápu öllum stundum í borg þar sem íbúarnir höfðu það fyrir sið að hrækja á allt og alla.

Umsjónarmenn með þættinum eru Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.